

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 135/2021

2024/EES/7/05

frá 23. apríl 2021

um breytingu á II. viðauka við EES-samninginn (Tæknilegar
reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/569 frá 16. apríl 2020 um samræmt snið og inntak upplýsinga vegna framlagningar upplýsinga sem aðildarríki eiga að gefa skýrslu um samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/63/ESB um vernd dýra sem eru notuð í vísindaskyni og um niðurfellingu á framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/707/ESB ⁽¹⁾.
- 2) Framkvæmdarákvörðun (ESB) 2020/569 fellir úr gildi framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/707/ESB ⁽²⁾, sem hefur verið tekin upp í EES-samninginn og ber því að fella gerðina brott úr samningnum.
- 3) Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/11/ESB ⁽³⁾, sem hefur verið tekin upp í EES-samninginn hefur úrelst og ber því að fella hana brott samkvæmt EES-samningnum.
- 4) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi kemur í stað texta liðar 15zp (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/707/ESB) í XIII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„**32020 D 0569**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/569 frá 16. apríl 2020 um samræmt snið og inntak upplýsinga vegna framlagningar upplýsinga sem aðildarríki eiga að gefa skýrslu um samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/63/ESB um vernd dýra sem eru notuð í vísindaskyni og um niðurfellingu á framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/707/ESB (Stjttíð. ESB L 129, 24.4.2020, bls. 16).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarákvörðunar (ESB) 2020/569, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 24. apríl 2021, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram ^(*).

⁽¹⁾ Stjttíð. ESB L 129, 24.4.2020, bls. 16.

⁽²⁾ Stjttíð. ESB L 320, 17.11.2020, bls. 33.

⁽³⁾ Stjttíð. ESB L 10, 15.1.2014, bls. 18.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 23. apríl 2021.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Clara Ganslandt

formaður.